

# Verkefni: Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda

Styrkþegi: Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík

## Samantekt

Í byrjun febrúar 2007 gerðu Sveitarfélagið Norðurþing og Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík með sér samkomulag vegna verkefnisins: **“Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda.”**

Skrifstofa stéttarfélaganna hefur veitt verkefninu forystu og borið ábyrgð á framkvæmd þess. Um er að ræða tilraunaverkefni sem stóð yfir til ársloka 2007. Markmið verkefnisins var að leitast við að efla innflytjendur í Norðurþingi til þátttöku í atvinnulífinu og samfélaginu almennt í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda frá því í janúar 2007.

Á verkefnistímanum var unnin þarfagreining á málefnum innflytjenda í Norðurþingi sem gæti orðið grundvöllur fyrir stefnumótandi ákvarðanir af hálfu sveitarfélagsins og ríkisvaldsins um þjónustu við þennan ört vaxandi hóp. Skrifstofu stéttarfélaganna starfaði í nánú samstarfi við Fjölskylduþjónustu Þingeyinga vegna málefna innflytjenda þegar við átti. Einnig var leitað eftir samvinnu við Rauða kross Íslands, Fjölmenningssetrið á Ísafirði og aðra þá aðila sem sérhæft hafa sig í þjónustu við innflytjendur. Hluti af framangreindri þarfagreiningu var nákvæm skráning á allri þjónustu við innflytjendur og greining mála sem upp komu á tímabilinu.

Hluti af verkefninu var einnig að gera viðhorfskönnun meðal innflytjenda á svæðinu í ársbyrjun 2008, það er í lok verkefnisins. Viðhorfskönnunin var gerð í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga. Niðurstöðurnar má sjá í sérstakri skýrslu sem Þekkingarsetrið vann.

Ljóst er að verkefnið hefur skilað góðum árangri fyrir innflytjendur í Norðurþingi. Nú er hins vegar komið að ákveðnum tímamótum þar sem verkefninu er formlega lokið. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur áhuga á því að halda áfram með verkefnið en til þess að svo geti orðið þarf að vera hægt að fjármagna verkefnið. Skrifstofan mun því leita til hagsmunaaðila á næstu vikum og kanna vilja þeirra til að koma að verkefninu svo hægt verði að halda þessu metnaðarfulla starfi áfram, samfélaginu til hagsbóta.

## Project: Cooperation and responsibility regarding immigrant integration

Grantee: Húsavík Union office

### **Abstract**

Early February 2007 Norðurþing municipal and the Húsavík Union office made an agreement regarding the project: **Cooperation and responsibility regarding immigrant integration.**

The Union Office has steered the project and has been responsible for its implementation. The initial project was temporary and was to be completed by the end of 2007. The project's goal is to reinforce immigrant's participation in the Norðurþing work environment and in the general community in accordance to the Governments policy regarding immigrant integration, published in January 2007.

During the course of the project an assessment of the immigrant population's need for support in regard to integration was made. The Union Office worked jointly with the municipality's Department of Family Services regarding immigrant matters. Cooperation was also sought with the Icelandic Red Cross, the Multicultural Center in Ísafjörður and other parties that specialize in servicing and assisting immigrants. An emphasis was on cooperation with the immigrant community. Part of the project was a thorough registration of all services provided to immigrants and an analysis of all matters that occurred.

Part of the project was also to do a survey among immigrants in the area early 2008. The survey was managed by the Húsavík Academic Center and the results can be found in a special report. It's clear that the project has had a positive impact for immigrants in Norðurþing. The project is formally finished but the Húsavík Union Office is keen on keeping it going. For that to happen, the project needs further funding. During the next weeks the Union Office will seek cooperation with parties who have interests in immigrant matters so that the project can continue.